

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

SAMANTEKT FUNDA MEÐ RÝNIHÓPUM

12. júlí 2020



Fundir með rýnihópum

- *3 fundir (22., 23. og 25. júní).*
- *Þátttakendur fengu 5.000 kr gjafabréf í Kringluna.*

Spurningar til grundvallar:

- Hvernig upplifið þið lýðræðismál í borginni?
- Hafið þið tekið þátt, með einhverjum hætti, í lýðræðismálum í borginni?
- Hvaða verkefni/málaflokka viljið þið almennt geta haft áhrif á?
- Með hvaða hætti viljið þið hafa áhrif?



Almennt um lýðræðismál í borginni

- Fólk á það til að rugla saman **þjónustu og lýðræði**, umræður fóru stundum út í að bæta þjónustu en ekki hvernig þeirra aðkoma gæti verið að ákvörðunum.
- Almenn ánægja með „**Hverfið mitt**“, margir höfðu tekið þátt og voru sáttir með verklag og hvernig hægt væri að fylgja eftir þeim hugmyndum sem hlutu brautargengi. En það komu athugasemdir varðandi hvaða **hugmyndir rata inn, þ.e eftir málaflokkum**. Einnig komu fram punktar varðandi það að sum hverfi eru svo stór, að það mætti brjóta þau niður í **smærri einingar**. Háaleitishverfi og Fossvogur voru nefnd í þessu tilliti. Þegar hverfin eru stór þá tengir fólk síður við þau verkefni sem eru fjær þeim..
- Athugasemdir um að **aðgengi að stjórnkerfinu** sé ekki gott, illa sé hlustað á ábendingar og oft sé verið að kalla saman fólk til samráðs sem hverfi svo í eitthvað svarthol. Fólk veit ekki hvað verður um eða hvaða boðleiðir hugmyndir og ábendingar fara. „*Maður fær aldrei að vita hvað kemur útúr þessu*“.
- Skólar hafa þjónað **hlutverki sem upplýsingamiðlun** fyrir foreldra og forráðamenn um það sem er að gerast í hverfinu, en þegar þú átt ekki barn á skólaaldri, er margt sem getur farið framhjá þér.
- Fólk upplifir að **gegnsæi sé lítið og boðleiðir óljósar** og er alls ekki öruggt með hvaða hætti það getur haft áhrif á ákvarðanir innan borgarinnar.



Hvað vilja borgarar?

- Þátttakendur voru sammála um að **virkt upplýsingagjöf** til borgara væri forsenda trausts til stjórnkerfisins. Upplýsingar þyrftu að vera aðgengilegar, notendavænar og áreiðanlegar.
- **Stórar ákvarðanir** sem varða t.d. byggingaframkvæmdir, gatnamál og breytingar á fjölförnum svæðum vilja borgarar vera **vel upplýstir um og vera með í samráði**.
- **Skipulag, umhirða og útlit í nærumhverfi** borgara skiptir mestu máli. Fólk veltir vöngum yfir sumum ákvörðunum sem teknar eru og lélegu upplýsingaflæði. Samhljómur var á meðal þátttakenda að vilji væri **fyrir frekari aðkoma að ákvörðunum** tengt þeirra nærumhverfi. Íbúar hverfanna þekkja sín hverfi best og ætti því þeirra ábendingar og hugmyndir að veða þungt í slíkum ákvörðunum. (Það kom ítrekað fram að umhirða borgarinnar skipti fólk máli, **fólk upplifir borgina skítuga og illa hirta**).
- Ítrekað var rætt um skipulag varðandi **græn svæði, matjurtagarða og samkomustaði** innan hverfanna.
- **Samgöngumál** skipta miklu máli, og mikilvægt að borgarar hafi rödd þegar ákvarðanir varðandi almenningsgöngur eru teknar. Dæmi eru um að börn sem búa t.d. í Grafarholti þurfi að sækja sér þjónustu í Árbæ, en erfitt sé að komast á milli þessara hverfa með strætó á tilteknum tímum.
- Samhljómur um að það væri mikið lýðræði að finna **innan skóla- og frístundakerfisins**.
- Þegar þátttakendur voru inntir eftir skoðunum varðandi **menningarmál**, virtist vera almenn sátt um þann málaflokk.



Með hvaða hætti vilja borgarar hafa áhrif?

- (Mikill meirihluti fólks „nennir“ ekki að bera sig eftir upplýsingum eða hvernig það getur mögulega haft áhrif innan stjórnkerfisins. Það vill fá upplýsingar með mjög auðveldum hætti, helst að þær séu mataðar ofan í fólk og....).
- Fólk **hefur ekki áhuga á að sækja íbúafundi**, hefur ekki tíma og finnst það ekki hafa rödd á þessum fundum. Einsleitur hópur sem mætir og lætur sem mest í sér heyra, endurspeglar ekki vilja meirihlutans.
- Þáttakendur voru einróma um að þátttaka myndi aukast ef aukið framboð væri á **rafrænum leiðum til þátttöku** eins og t.d. „Hverfið mitt“ býður upp á.
- Almenn ánægja með **FB hópa** sem hafa myndast innan hverfanna. Hóparnir gefa fólki tækifæri á að kynnst hverfinu sínu betur og er upplýsingaveita borgara um það sem er að gerast í þeirra nærumhverfi. „*Eina leiðin til að kynnst hverfinu mínu*“. Einhverjir höfðu þó ekki hugmynd um tilvist þeirra.



